Nd. **197. Tillaga**

til þingsályktunar um verzlunarlöggjöf.

Eins og hún var samþykt við eina umræðu í Ed.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að taka til rækilegrar athugunar verzlunarlöggjöf landsins, sérstaklega að því, er snertir réttindi hérlendra kaup-

manna og verzlunarfélaga, rétt manna, karla sem kvenna, til verzlunar í kaupstöðum, löggiltum verzlunarstöðum og sveitum, sem og rètt til lausakaupaverzlunar og umboðssölu, og leggja fyrir næsta reglulegt alþingi frumvarp til laga um þetta efni.